

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 16. maí 1994

um breytingu á ákvörðun 91/637/EBE um fyrirmynd að tilkynningu sem er send um tölvuvædda netkerfið „Animo“

(94/307/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 um verndun dýra í flutningi og um breytingu á tilskipunum 90/425/EBE og 91/496/EBE ⁽³⁾, eins og henni var breytt með ákvörðun 92/438/EBE ⁽⁴⁾, einkum 3. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Mikilvægt er að tölvuvædda netkerfið Animo innihaldi þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að fara að reglum um vernd dýra sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/628/EBE.

Í þessu sambandi skal bæta við tilkynninguna sem senda á um Animo-netkerfið og aðlaga þar af leiðandi þann hugbúnað sem er notaður.

Við aðlögun viðfangshugbúnaðar verður tekið tillit til aðstæðna í aðildarríkjunum til að tryggja að forritið komi til móts við þarfir þeirra.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/637/EBE ⁽⁵⁾ er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra viðfangshugbúnaðinn til að unnt sé að bæta í hann upplýsingum í tengslum við vernd dýra og breytingum sem eru gerðar á mismunandi tölvuskram sem eru notaðar í kerfinu. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái aðgang að hinum uppfærða hugbúnaði eigi síðar en 1. mars 1995.“

2. Í stað viðaukans komið viðauki þessarar tilskipunar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 46.

VIÐAUKI

Tilkynning nr.:**1. UPPRUNI**

- Dagsetning tilkynningar:
- Áætlaður sendingardagur:
- Áætlaður sendingartími:
- Nafn sendanda:
- Sendingarstaður (landskenni, einingarkenni, staðarheiti, póstnúmer)
- Heilbrigðisvottorð:
 - númer
 - dagsetning
- Nafn dýralæknis sem undirritar vottorðið:

2. VIÐTÖKUSTAÐUR

- Landskenni — einingarkenni
- Nafn og heimilisfang viðtakanda:
- Viðtökustaður (landskenni, einingarkenni, staðarheiti, póstnúmer)

3. VÖRUR

- Tegund — kenni
- Fjöldi/magn

4. FLUTNINGATÆKI

- Tegund flutningatækis
- Auðkenni flutningatækis (skráningarnúmer vörubíls, vagnnúmer, flugnúmer, heiti skips, gámanúmer o.s.frv.)

5. ATHUGASEMDIR

- Fyrir skoðunarstöðvar á landamærum: uppruni dýra og afurða
- Fyrir útflutning til þriðja lands: heiti þriðja lands sem er viðtökustaður
- Ef dýrin eru ekki farin frá upprunastaðnum:
 - „kemur í stað tilkynningar númer ...“/„ógildir tilkynningu númer ...“